

Starfsmaður í fræðslu- og kynningarstarf

Starfsmaður óskast í fræðslu- og kynningarstarf á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins frá og með 1. febrúar 2019 um er að ræða 60-80% starf.

Starfssvið

- Vinna við umsjón með námskeiðahaldi, skipulagningu og úrvinnslu verkefna í samvinnu við fræðslustjóra
- Undirbúningur, framkvæmd og frágangur fræðslunámskeiða
- Umsjón með námsgögnum, skráningu og innheimtu á námskeiðum
- Vinna við heimasíðu stofnunarinnar
- Önnur verkefni á stofnuninni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Æskilegt er að viðkomandi hafi háskólamenntun og/eða reynslu af fræðslustarfi og upplýsingartækni
- Góð tölvukunnátta
- Góð þekking á Excel
- Gott vald á íslensku máli í ræðu og riti
- Góð enskukunnátta æskileg
- Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu á og kunni að nýta sér hugbúnað að baki heimasíðukerfis
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum og til þátttöku í þverfaglegu samstarfi

Laun og kjör eru skv. gildandi kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Frekari upplýsingar gefur Unnur Árnadóttir fræðslustjóri, í síma 510 8400.

Umsóknir, ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf, berist Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Digranesvegi 5, 200 Kópavogi, eða í tölvupósti á unnur@greining.is fyrir **29.janúar 2019**. Öllum umsóknum verður svarað.

Vegna kynjasamsetningar á vinnustaðnum eru karlmenn hvattir til að sækja um.

Litið verður svo á að umsóknir gildi í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur.

Hlutverk Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins er að tryggja að börn með alvarlegar þroskaskerðingar sem leitt geta til fötlunar síðar á ævinni fái greiningu, ráðgjöf og önnur úrræði sem bæta lífsgæði þeirra, sjá nánar á greining.is.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er framsækin stofnun með fjölskylduvæna starfsmannastefnu sem býður m.a. upp á sveigjanlegan vinnutíma. Nýir starfsmenn fá handleiðslu og starfsþjálfun á aðlögunartíma og er lögð áhersla á þróun í starfi og tækifæri til sí- og endurmenntunar.